

KJARASAMNINGUR

milli

Sameykis

og

Ríkisútvarpsins ohf.
ásamt RÚV sölu

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Sameykis og Ríkisútvarpsins ohf. ásamt RÚV sölu.

2. gr.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var milli SA og sambanda og félaga ASÍ í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni, og kaup-taxtaauka á kaup-taxta kjarasamninga.

3. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki. Með mánaðarlaunum er átt við fóst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. mars 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. febrúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. febrúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. febrúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjarasamningi þessum fylgja launataxtar vegna árána 2024 – 2027, sem eru hluti samningsins.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. mars 2024:	3,25%
1. febrúar 2025:	3,50%
1. febrúar 2026:	3,50%
1. febrúar 2027:	3,50%

4. gr.

Persónu- og orlofsuppbót

Persónuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 106.000 kr.

Á árinu 2025 110.000 kr.

Á árinu 2026 114.000 kr.

Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.

5. gr.

Breytingar á ýmsum ákvæðum kjarasamnings

Grein 4.1. um lengd orlofs orðast svo:

Gildir frá 1. maí 2024 (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025):

Lágmarksorlof skal vera 24 dagar miða við fullt starf og nema þá orlofslaun 10,17%. Starfsmaður sem starfað hefur í 6 mánuði hjá RÚV ohf. og náð hefur 22ja ára aldri eða í 6 mánuði hjá RÚV ohf. eftir framhaldsskólapróf skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og skulu orlofslaun vera 10,64%. Starfsmaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 2 daga fyrir fullt mánaðarstarf.

Grein 4.2.1 orðast svo:

Gildir frá 1. maí 2024 (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025):

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sömu starfsgrein eða í 5 ár hjá RÚV ohf. á rétt á orlofi í 27 virka daga og skulu orlofslaun vera 11,59%.

Starfsmaður sem unnið hefur 7 ár hjá RÚV ohf. á rétt á 30 virkum dögum og skulu orlofslaun vera 13,04%.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

Gildir frá 1. maí 2025 (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026):

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 27 virka daga og skulu orlofslaun vera 11,59%.

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár hjá RÚV ohf. á rétt á 30 virkum dögum og skulu orlofslaun vera 13,04%.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

Grein 4.2.2. orðast svo:

Starfsmaður sem hefur áunnið sér 30 daga orlofsrétt hjá fyrri atvinnurekanda fær hann að nýju eftir tvö ár hjá RÚV ohf., enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

JPS

l/MA

6. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um kauptaxtaauka og framleiðniauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Gildistími

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. mars 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 16:00 mánudaginn 22. september 2024.

Reykjavík, 18. september 2024

F.h. Sameykis stéttarfélags

Jenny Þ. Stefánsd.
Sigríð Þ. Sjöfnarsd.
Kristín M. Magnúsd.
Guðrún Guð
Björntólf Pálsson

Ríkisútvarpsins ohf. og RÚV sölu

Ilrís Mísa Amardóttir
Elisavör Sjöfnarsd.
Margrét Magnúsdóttir
Hanna Þóra Ólaf

Fylgiskjal

Launataxtar	1.3.2024
Byrjunarlaun	462.770
Eftir 3 ár	472.758

Launataxtar	1.2.2025
Byrjunarlaun	488.685
Eftir 3 ár	499.232

Launataxtar	1.2.2026
Byrjunarlaun	514.585
Eftir 3 ár	525.691

Launataxtar	1.2.2027
Byrjunarlaun	540.314
Eftir 3 ár	551.976

1/11/24

J.S.

Bókun

Aðilar eru sammála um að fella texta þessa samnings að heildartexta kjarasamnings og eftir atvikum taka út bókanir sem eiga ekki lengur við. Stefnt er að því að þeirri vinnu skuli lokið fyrir 31. mars 2025.

Jb.

l/MA